
	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
2022/EES/16/01		Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2194 frá 14. ágúst 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar pakkaþyrmsmáli	1
2022/EES/16/02		Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2417 frá 17. nóvember 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um viðskiptaskyldu vegna tiltekinna afleiðna	6
2022/EES/16/03		Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/527 frá 15. desember 2020 um breytingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565 að því er varðar viðmiðunarmörk fyrir vikulegar stöðutilkynningar	12
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	ESB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
		Leiðrétting	
2022/EES/16/04		Leiðrétting á íslenskri þýðingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 342/2014 frá 21. janúar 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um beitingu útreikningsaðferðanna fyrir eiginfjárkröfur fjármálasamsteypa 2002/87/EC	14
2022/EES/16/05		Leiðrétting á íslenskri þýðingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 frá 4. júlí 2017 um setningu ramma fyrir orkumerkingar og um niðurfellingu tilskipunar 2010/30/ESB	14

2022/EES/16/06	Leiðrétting á íslenskri þýðingu framseldar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1108 frá 7. maí 2018 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 með tæknilegum eftirlitsstöðlum um viðmiðanirnar fyrir tilnefningu miðlægra tengiliða fyrir útgefendur rafeyris og greiðsluþjónustuveitendur, ásamt reglum um hlutverk þeirra	14
2022/EES/16/07	Leiðrétting á íslenskri þýðingu framseldar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/411 frá 19. nóvember 2019 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/45/EB um öryggisreglur og -staðla fyrir farþegaskip að því er varðar öryggiskröfur fyrir farþegaskip í innanlandssiglingum	15
2022/EES/16/08	Leiðrétting á íslenskri þýðingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1083 frá 14. maí 2020 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/517 með því að ákvarða hæfis- og valviðmiðanir og aðferð við tilnefningu skráningarstofu höfuðléna .eu	15

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/2194

2022/EES/16/01

frá 14. ágúst 2017

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar pakkafyrirmæli (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾, einkum 6. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Pakkafyrirmæli eru algeng í öllum eignaflokkum og geta náð yfir marga mismunandi þætti sem tilheyra sama eignaflokki eða þætti sem tilheyra ólíkum eignaflokkum. Pakkafyrirmæli geta því tekið til ótakmarkaðs fjölda þáttasamsetninga. Þess vegna er rétt að samþykkja heildstæða nálgun við að koma á eigindlegum viðmiðum til að auðkenna þessi pakkafyrirmæli sem ættu að teljast vera stöðluð og tíð viðskipti vera með og því sé virkur markaður til fyrir þau í heild. Til að taka tillit til einkenna mismunandi tegunda pakkafyrirmæla ættu þessi eigindlegu viðmið að taka til almennra viðmiða sem gilda um alla eignaflokka, sem og sértækra viðmiða sem gilda um ólíka eignaflokka sem samanstanda af pakkafyrirmælum.
- 2) Til að ákvarða þá flokka afleiðna sem falla undir viðskiptaskylduna samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 600/2014 verða afleiður innan þessara flokka að vera staðlaðar og nægjanlega auðseljanlegar. Þess vegna þykir rétt að telja virkan markað vera til staðar fyrir pakkafyrirmælin í heild ef allir þættir þeirra pakkafyrirmæla tilheyra sama eignaflokki og falla undir viðskiptaskylduna. Pakkafyrirmæli þar sem allir þættir eru yfir tiltekinni stærð eða innihalda mikinn fjölda þátta eru þó ekki talin nægjanlega stöðluð eða auðseljanleg. Því þykir rétta að tiltaka að pakkafyrirmæli þar sem allir þættir falla undir viðskiptaskylduna ættu að teljast vera með virkan markað þegar pakkafyrirmælin samanstanda af fleiri en fjórum þáttum eða þegar þættirnir innan pakkafyrirmælanna eru ekki allir yfir stærð sem er umfangsmikil í samanburði við venjulega markaðsstærð.
- 3) Að hægt sé að eiga viðskipti með fjármálagerninga á viðskiptavettvangi sýnir að þessir gerningar eru staðlaðir og tiltölulega auðseljanlegir. Séu allir þættir pakkafyrirmæla tækir til viðskipta á viðskiptavettvangi er því rétt að ætla að um sé að ræða pakkafyrirmæli sem mögulega er til virkur markaður fyrir í heild. Telja ætti pakkafyrirmæli tæk til viðskipta þegar viðskiptavettvangur býður aðilum, þátttakendum eða viðskiptavinum sínum þau til viðskipta.
- 4) Jafnvel þótt mögulegt sé að eiga viðskipti með pakkafyrirmæli með marga mismunandi þætti, einskorðast seljanleiki við pakka sem samanstanda einvörðungu af þáttum úr sama eignaflokki, s.s. vaxtaafleiðum, hlutabréfaafleiðum,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtfð. ESB L 312, 28.11.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 88, 31.10.2019, bls. 7.

⁽¹⁾ Stjtfð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84.

lánaafleiðum eða hrávöruafleiðum. Pakkafyrirmæli sem samanstanda eingöngu af afleiðum úr einum þessara eignaflokka ættu því að geta talist vera með virkan markað meðan viðskipti með pakkafyrirmæli sem samanstanda af afleiðubáttum úr fleiri en einum þessara eignaflokka eru ekki tíð og þar af leiðandi ekki með virkan markað. Enn fremur eru pakkafyrirmæli sem innihalda þætti úr öðrum eignaflokkum en vaxtaafleiðum, hlutabréfaafleiðum, lánaafleiðum eða hrávöruafleiðum ekki nægjanlega stöðluð og teljast þar af leiðandi ekki vera með virkan markað.

- 5) Þess vegna er nauðsynlegt að tilgreina aðferðafræðina fyrir ákvörðunina um hvort til staðar sé virkur markaður fyrir pakkafyrirmæli í heild, þ.m.t. þegar einn eða fleiri af þáttum pakkafyrirmæla er ekki talinn vera með virkan markað eða er umfangsmikill í samanburði við venjulega markaðsstærð. Pakkafyrirmæli þar sem enginn þáttanna er með virkan markað, því allir þættirnir eru umfangsmiklir í samanburði við venjulega markaðsstærð eða eru sambland þátta sem ekki eru með virkan markað og þátta sem eru umfangsmiklir í samanburði við venjulega markaðsstærð, eru þó ekki talin vera stöðluð eða vera með tíð viðskipti og ættu því ekki að teljast vera með virkan markað fyrir pakkafyrirmælin í heild.
- 6) Að því er varðar pakkafyrirmæli sem samanstanda af vaxtaskiptasamningum einskorðast flest viðskipti við pakkafyrirmæli þar sem þættirnir eru með tiltekinn viðmiðunarlíf tíma. Því er rétt að telja einungis þau pakkafyrirmæli vera auðseljanleg í heild. Til að endurspeglar einkenni mismunandi vaxtaskiptasamninga er mikilvægt að aðgreina samninga sem taka gildi strax eftir að viðskiptin eiga sér stað frá samningum sem taka gildi á fyrirfram ákveðnum degi í framtíðinni. Líftíma samnings ætti að reikna út þannig að miðað sé við daginn þegar skyldurnar samkvæmt samningnum taka gildi, þ.e. gildistökudaginn. Til að taka tillit til seljanleikamynstra þessara samninga og jafnframt til að komast hjá sniðgöngu reglna ætti þó ekki að túlka þessa líftíma of þröngt heldur líta fremur á þá sem tiltekin tímabil í kringum viðmiðunarlíf tímann.
- 7) Margir markaðsaðilar eiga viðskipti með pakkafyrirmæli sem samanstanda af tveimur samningum með ólíka lokadagsetningu. Einkum eru framlengingar staðna (e. *roll forwards*) mjög staðlaðar og tíð viðskipti eru með þær. Þessi pakkafyrirmæli eru notuð til að skipta út stöðu í samningi sem er næst því að renna út fyrir stöðu í samningi sem rennur út á næsta gjalddaga, og gera þannig markaðsaðilum kleift að halda fjárfestingarstöðu fram yfir upphaflegan gildistíma samnings. Því er rétt að álíta að til staðar sé virkur markaður fyrir þessi pakkafyrirmæli í heild.
- 8) Til að gæta samræmis og tryggja eðlilega virkni fjármálamarkaðsins er nauðsynlegt að þessi reglugerð og ákvæðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 600/2014 komi til framkvæmda frá og með sama degi.
- 9) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 10) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitni hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽¹⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Pakkafyrirmæli sem virkur markaður er fyrir í heild

Virkur markaður fyrir pakkafyrirmæli í heild telst vera fyrir hendi ef annað eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

- a) pakkafyrirmælin samanstanda ekki af fleiri en fjórum þáttum sem tilheyra flokkum afleiðna sem lýst hefur verið yfir að falli undir viðskiptaskylduna fyrir afleiður í samræmi við tilhögunina sem lýst er í 32. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, nema eitt af eftirtöldu eigi við:
 - i. allir þættir pakkafyrirmælanna eru umfangsmiklir í samanburði við venjulega markaðsstærð,

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópsku eftirlitsyfirvaldi (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjóri. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

- ii. þættir pakkafyrirmællanna tilheyra ekki eingöngu einum þeirra eignaflokka sem um getur í III. viðauki við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/583 ⁽¹⁾,
- b) pakkafyrirmælin uppfylla öll eftirtalin skilyrði:
 - i. allir þættir pakkafyrirmællanna eru tiltækir til viðskipta á sama viðskiptavettvangi,
 - ii. allir þættir pakkafyrirmællanna falla undir stöðustofnunarskylduna í samræmi við 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ⁽²⁾ eða stöðustofnunarskylduna í samræmi við 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014,
 - iii. a.m.k. einn þáttur pakkafyrirmællanna hefur virkan markað eða er ekki umfangsmikill í samanburði við venjulega markaðsstærð,
 - iv. pakkafyrirmælin uppfylla viðmiðin sem gilda um viðkomandi eignaflokk og mælt er fyrir um í 2., 3., 4. eða 5. gr.

2. gr.

Viðmið sem eru sértæk fyrir eignaflokk um pakkafyrirmæli sem samanstanda eingöngu af vaxtaafleiðum

Viðmiðin sem eru sértæk fyrir eignaflokka og um getur í iv. lið b-liðar 1. gr. um pakkafyrirmæli sem samanstanda eingöngu af vaxtaafleiðum eins og um getur í 5. þætti III. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/583 skulu vera eftirfarandi:

- a) pakkafyrirmælin samanstanda ekki af fleiri en þremur þáttum,
- b) allir þættir pakkafyrirmællanna tilheyra sama undireignaflokki eins og um getur í 5. þætti III. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/583,
- c) allir þættir pakkafyrirmællanna eru í sama undirliggjandi gjaldmiðli, hvort sem er evru, bandaríkjadal eða sterlingspundum,
- d) ef pakkafyrirmælin samanstanda af vaxtaskiptasamningum er gildistími þátta pakkafyrirmællanna 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 12, 15, 20 eða 30 ár,
- e) ef pakkafyrirmælin samanstanda af þáttum framtíðarsamninga um vaxtaviðskipti eru þessir þættir annaðhvort:
 - i. samningar með ekki lengri en 6 mánaða líftíma fyrir framtíðarsamninga um vaxtaviðskipti sem grundvallast á 3 mánaða vöxtum eða
 - ii. samningar með lokadagsetningu sem næst er núverandi dagsetningu fyrir framtíðarsamninga um vaxtaviðskipti sem grundvallast á 2, 5 og 10 ára vöxtum,
- f) ef pakkafyrirmælin samanstanda af framtíðarsamningum um skuldabréf skipta pakkafyrirmælin út stöðu í samningi sem er næst því að renna út með stöðu í samningi með sama undirliggjandi þætti sem rennur út á næsta lokagjalddaga.

Að því er varðar d-lið skal þáttur pakkafyrirmæla teljast hafa gildistímann 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 12, 15, 20 eða 30 ár ef tímabilið á milli gildistökudags samningsins og lokadags hans samsvarar einu tímabilanna sem nefnd eru í d-lið, plús eða mínus fimm dagar.

3. gr.

Viðmið sem eru sértæk fyrir eignaflokk um pakkafyrirmæli sem samanstanda eingöngu af hlutabréfaafleiðum

Viðmiðin sem eru sértæk fyrir eignaflokka og um getur í iv. lið b-liðar 1. gr. um pakkafyrirmæli sem samanstanda eingöngu af hlutabréfaafleiðum eins og um getur í 6. þætti III. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/583 skulu vera eftirfarandi:

- a) pakkafyrirmælin samanstanda ekki af fleiri en tveimur þáttum,
- b) allir þættir pakkafyrirmællanna tilheyra sama undireignaflokki eins og um getur í 6. þætti III. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/583,

⁽¹⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/583 frá 14. júlí 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um kröfur um gagnsæi fyrir viðskiptavettvanga og verðbréfafyrirtæki að því er varðar skuldabréf, samsettar fjármálaafurðir, losunarheimildir og afleiður (Stjtið. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 229).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtið. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

- c) allir þættir pakkafyrirmælanna eru í sama grundvallargjaldmiðli, hvort sem er evru, bandaríkjadal eða sterlingspundum,
- d) allir þættir pakkafyrirmælanna hafa sömu undirliggjandi vísitölu,
- e) gildislokadagur allra þátta pakkafyrirmælanna er innan 6 mánaða,
- f) feli pakkafyrirmælin í sér valrétti hafa allir valréttirnir sama gildislokadag.

4. gr.

Viðmið sem eru sértæk fyrir eignaflokk um pakkafyrirmæli sem samanstanda eingöngu af lánaafleiðum

Viðmiðin sem eru sértæk fyrir eignaflokka og um getur í iv. lið b-liðar 1. gr. um pakkafyrirmæli sem samanstanda eingöngu af lánaafleiðum eins og um getur í 9. þætti III. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/583 skulu vera eftirfarandi:

- a) pakkafyrirmælin samanstanda ekki af fleiri en tveimur þáttum,
- b) allir þættir pakkafyrirmælanna eru vísitöluskuldatryggingar (e. *index credit default swaps*) eins og um getur í 9. þætti III. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/583,
- c) allir þættir pakkafyrirmælanna eru í sama undirliggjandi gjaldmiðli, hvort sem er evru eða bandaríkjadal,
- d) allir þættir pakkafyrirmælanna hafa sömu undirliggjandi vísitölu,
- e) líftími allra þátta pakkafyrirmælanna er 5 ár,
- f) pakkafyrirmælin skipta út stöðu í síðustu vísitölu á undan nýútgefinni vísitölu (e. *latest off-the-run*) með stöðu í nýútgefinni vísitölu (e. *on-the-run*).

5. gr.

Viðmið sem eru sértæk fyrir eignaflokk um pakkafyrirmæli sem samanstanda eingöngu af hrávöruafleiðum

Viðmiðin sem eru sértæk fyrir eignaflokka og um getur í iv. lið b-liðar 1. gr. um pakkafyrirmæli sem samanstanda eingöngu af hrávöruafleiðum eins og um getur í 7. þætti III. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/583 skulu vera eftirfarandi:

- a) pakkafyrirmælin samanstanda ekki af fleiri en tveimur þáttum,
- b) allir þættir pakkafyrirmælanna eru framtíðarsamningar um hrávöruafleiður eins og um getur í 7. þætti III. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/583,
- c) allir þættir pakkafyrirmælanna hafa sömu undirliggjandi hrávöru sem er skilgreind á hæsta nákvæmnistigi eins og tilgreint er í 2. töflu viðaukans við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/585 ⁽¹⁾,
- d) allir þættir pakkafyrirmælanna eru í sama grundvallargjaldmiðli, hvort sem er evru, bandaríkjadal eða sterlingspundum,
- e) pakkafyrirmælin skipta út stöðu í samningi sem er næst því að renna út með stöðu í samningi sem rennur út á næsta lokagjalddaga.

6. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. janúar 2018.

⁽¹⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/585 frá 14. júlí 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir gagnastaðla og -form fyrir tilvísunargögn um fjármálagerninga og tæknilegar ráðstafanir í tengslum við fyrirkomulag sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og lögbær yfirvöld gera (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 368).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. ágúst 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/2417

2022/EES/16/02

frá 17. nóvember 2017

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um viðskiptaskyldu vegna tiltekinna afleiðna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 32. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (ESB) nr. 600/2014 er kveðið á um skyldu til að hafa viðskipti með tiltekna flokka afleiðna, eða viðeigandi undirflokka þeirra, sem falla undir stöðustofnunarskylduna, sem um getur í 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ⁽²⁾, á skipulegum markaði, markaðstorgi fjármálagerninga, skipulegu markaðstorgi eða jafngildum viðskiptavettvangi í þriðja landi. Viðskiptaskylda þessi ætti aðeins að gilda um afleiður sem eru nægjanlega auðseljanlegar og tiltækar til viðskipta á a.m.k. einum viðskiptavettvangi.
- 2) Að því er varðar vaxtaafleiður er falla undir stöðustofnunarskyldu einskorðast seljanleiki við afleiðusamninga sem hafa sem flest stöðluð einkenni. Því ætti að taka tillit til þessara einkenna þegar ákvarðað er hvaða flokkar afleiðna falla undir viðskiptaskylduna.
- 3) Eins er seljanleiki vaxtaafleiðna sem falla undir stöðustofnunarskyldu meiri á afleiðusamningum sem hafa tiltekinn viðmiðunarlíf tíma. Því þykir rétt að takmarka viðskiptaskylduna við afleiður með þennan viðmiðunarlíf tíma. Til að greina á milli afleiðusamninga sem taka gildi jafnskjótt og viðskiptin hafa farið fram og afleiðusamninga sem taka gildi á fyrirframákveðinni dagsetningu í framtíðinni ætti útreikningur á líftíma samnings að miðast við gildistökudaginn þegar skyldurnar samkvæmt samningnum raunverulega taka gildi. Í því skyni að taka á fullnægjandi hátt tillit til seljanleikamynstra afleiðna og koma í veg fyrir að viðskiptaskyldan verði sniðgengin, er þó mikilvægt að líta ekki á viðmiðunarlíf tímann sem ströng mörk heldur frekar viðmiðun fyrir tímabil sem stefnt er að.
- 4) Seljanleiki lánaafleiðna, að því er varðar þær tvær vísitöluskuldatryggingar sem falla undir stöðustofnunarskylduna, er mestur á nýútgefnum vísitölum og síðustu vísitölu á undan nýútgefnum. Því þykir rétt að takmarka beitingu viðskiptaskyldunnar við afleiður sem einungis tilheyra þessum vísitölum.
- 5) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2205 ⁽³⁾ (OTC-vaxtaafleiður) og framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/592 ⁽⁴⁾ (OTC-lánaafleiður) auðkenna fjóra flokka mótaðila sem stöðustofnunarskyldan á við um. Mælt hefur verið fyrir um beitingu þeirrar stöðustofnunarskyldu í nokkrum áföngum í þessum framseldu reglugerðum til að koma til móts við sértækar þarfir hvers flokks mótaðila. Vegna tengslanna milli stöðustofnunarskyldunnar og viðskiptaskyldunnar ætti viðskiptaskyldan fyrir hvern flokk mótaðila ekki að taka gildi fyrir stöðustofnunarskyldan fyrir þann flokk hefur þegar tekið gildi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 343, 22.12.2017, bls. 48. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 88, 31.10.2019, bls. 7.

(1) Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtið. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

(3) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2205 frá 6. ágúst 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um stöðustofnunarskylduna (Stjtið ESB L 314, 1.12.2015, bls. 13).

(4) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/592 frá 1. mars 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um stöðustofnunarskylduna (Stjtið ESB L 103, 19.4.2016, bls. 5).

- 6) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 7) Reglugerð þessi er samþykkt á grundvelli staðreynda, einkum fyrirbyggjandi seljanleika, á þeim tíma þegar hún var samþykkt og mun verða endurskoðuð og henni breytt eins og við á í samræmi við markaðsþróun.
- 8) Evrópska á verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitum hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽¹⁾.
- 9) Reglugerð þessi ætti að öðlast gildi eins fljótt og auðið er og koma til framkvæmda frá og með sama degi og reglugerð (ESB) nr. 600/2014 kemur til framkvæmda í því skyni að tryggja snurðulausa starfsemi fjármálamarkaða.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Afleiður sem falla undir viðskiptaskylduna

Afleiðurnar sem settar eru fram í viðaukanum skulu falla undir viðskiptaskylduna sem um getur í 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.

Afleiða sem um getur í töflu 1, töflu 2 og töflu 3 í viðaukanum skal teljast hafa 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 12, 15, 20 eða 30 ára líftíma ef tímabilið frá deginum þegar skuldbindingin samkvæmt þeim samningi tekur gildi til dagsins þegar samningurinn fellur úr gildi samsvarar einu þessara tímabila, plús eða mínus fimm dagar.

2. gr.

Dagsetningar gildistöku viðskiptaskyldu

Viðskiptaskyldan sem um getur í 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 skal taka gildi, fyrir hvern flokk mótaðila sem um getur í 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/2205 og 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/592, frá og með síðari dagsetningunni af eftirfarandi:

- a) 3. janúar 2018,
- b) dagsetningunni sem um getur í 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/2205 eða 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/592 fyrir þann flokk mótaðila.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. nóvember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Aflaður sem falla undir viðskiptaskylduna

Tafla 1

Vaxtaskiptasamningar í evrum um skipti á föstum vöxtum fyrir breytilega vexti

Vaxtaskiptasamningar í einum gjaldmiðli um skipti á föstum vöxtum fyrir breytilega vexti — EUR EURIBOR 3 og 6M		
Uppgjörsgjaldmiðill	EUR	EUR
Tegund upphafs viðskipta	Stundarviðskipti (e. <i>spot</i>) (T+2)	Stundarviðskipti (e. <i>spot</i>) (T+2)
Valkvæðni	Nei	Nei
Líftími	2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 12, 15, 20, 30 ár	2, 3, 4, 5, 6, 7, 10, 15, 20, 30 ár
Tegund grundvallarfjárhæðar	Föst grundvallarfjárhæð	Föst grundvallarfjárhæð
Leggur með föstum vöxtum		
Greiðslutíðni	Árleg eða hálfársleg	Árleg eða hálfársleg
Dagaregla	30/360 eða raun/360	30/360 eða raun/360
Leggur með breytilegum vöxtum		
Viðmiðunarvísitala	EURIBOR 6M	EURIBOR 3M
Endurákvörðunartíðni	Hálfársleg eða ársfjórðungsleg	Ársfjórðungsleg
Dagaregla	Raun/360	Raun/360

Tafla 2

Vaxtaskiptasamningar í bandaríkjadöllum um skipti á föstum vöxtum fyrir breytilega vexti

Vaxtaskiptasamningar í einum gjaldmiðli um skipti á föstum vöxtum fyrir breytilega vexti — USD LIBOR 3M		
Uppgjörsgjaldmiðill	USD	USD
Tegund upphafs viðskipta	Stundarviðskipti (e. <i>spot</i>) (T+2)	IMM (næstu tveir IMM dagar)
Valkvæðni	Nei	Nei
Líftími	2, 3, 4, 5, 6, 7, 10, 15, 15, 20, 30 ár	2, 3, 4, 5, 6, 7, 10, 15, 15, 20, 30 ár
Tegund grundvallarfjárhæðar	Föst grundvallarfjárhæð	Föst grundvallarfjárhæð
Leggur með föstum vöxtum		
Greiðslutíðni	Árleg eða hálfársleg	Árleg eða hálfársleg
Dagaregla	30/360 eða raun/360	30/360 eða raun/360
Leggur með breytilegum vöxtum		
Viðmiðunarvísitala	USD LIBOR 3M	USD LIBOR 3M
Endurákvörðunartíðni	Ársfjórðungsleg	Ársfjórðungsleg
Dagaregla	Raun/360	Raun/360

Vaxtaskiptasamningar í einum gjaldmiðli um skipti á föstum vöxtum fyrir breytilega vexti — USD LIBOR 6M		
Uppgjörsgjaldmiðill	USD	USD
Tegund upphafs viðskipta	Stundarviðskipti (e. <i>spot</i>) (T+2)	IMM (næstu tveir IMM dagar)
Valkvæðni	Nei	Nei
Líftími	2, 3, 4, 5, 6, 7, 10, 15, 15, 20, 30 ár	2, 3, 4, 5, 6, 7, 10, 15, 15, 20, 30 ár
Tegund grundvallarfjárhæðar	Föst grundvallarfjárhæð	Föst grundvallarfjárhæð
Leggur með föstum vöxtum		
Greiðslutíðni	Árleg eða hálfársleg	Árleg eða hálfársleg
Dagaregla	30/360 eða raun/360	30/360 eða raun/360
Leggur með breytilegum vöxtum		
Viðmiðunarvísitala	USD LIBOR 6M	USD LIBOR 6M
Endurákvörðunartíðni	Ársfjórðungsleg eða hálfársleg	Ársfjórðungsleg eða hálfársleg
Dagaregla	Raun/360	Raun/360

Tafla 3

Vaxtaskiptasamningar í sterlingspundum um skipti á föstum vöxtum fyrir breytilega vexti

Vaxtaskiptasamningar í einum gjaldmiðli um skipti á föstum vöxtum fyrir breytilega vexti — GBP LIBOR 3 og 6M		
Uppgjörsgjaldmiðill	GBP	GBP
Tegund upphafs viðskipta	Stundarviðskipti (e. <i>spot</i>) (T+0)	Stundarviðskipti (e. <i>spot</i>) (T+0)
Valkvæðni	Nei	Nei
Líftími	2, 3, 4, 5, 6, 7, 10, 15, 20, 30 ár	2, 3, 4, 5, 6, 7, 10, 15, 20, 30 ár
Tegund grundvallarfjárhæðar	Föst grundvallarfjárhæð	Föst grundvallarfjárhæð
Leggur með föstum vöxtum		
Greiðslutíðni	Ársfjórðungsleg eða hálfársleg	Ársfjórðungsleg eða hálfársleg
Dagaregla	Raun/365F	Raun/365F
Leggur með breytilegum vöxtum		
Viðmiðunarvísitala	GBP LIBOR 6M	GBP LIBOR 3M
Endurákvörðunartíðni	Hálfársleg eða ársfjórðungsleg	Ársfjórðungsleg
Dagaregla	Raun/365F	Raun/365F

Tafla 4

Vísitöluskuldatrygging (e. *index CDS*)

Tegund	Undirtegund	Landsvæði	Viðmiðunarvísitala	Uppgjörsgjaldmiðill	Útgáfa vísitölu	Líftími
Vísitöluskuldatrygging (e. <i>index CDS</i>)	Ólagskipt (e. <i>untranchet</i>) vísitala	Evrópa	iTraxx Europe Main	EUR	nýútgefin (e. <i>on-the-run series</i>) síðasta á undan nýútgefinni (e. <i>first off-the-run series</i>)	5 ár
Vísitöluskuldatrygging (e. <i>index CDS</i>)	Ólagskipt (e. <i>untranchet</i>) vísitala	Evrópa	iTraxx Europe Crossover	EUR	nýútgefin (e. <i>on-the-run series</i>) síðasta á undan nýútgefinni (e. <i>first off-the-run series</i>)	5 ár

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/527****2022/EES/16/03****frá 15. desember 2020****um breytingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565 að því
er varðar viðmiðunarmörk fyrir vikulegar stöðutilkynningar (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB ⁽¹⁾, einkum 6. mgr. 58. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í 83. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565 ⁽²⁾ eru lágmarksviðmiðunarmörkin sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 58. gr. tilskipunar 2014/65/ESB ákvörðuð, sem gerir viðskiptavettvöngum skylt, ef farið er yfir þessi mörk, að birta opinberlega vikulegar skýrslur eins og um getur í a-lið 1. mgr. 58. gr. þeirrar tilskipunar.
- 2) Breyta ætti lágmarksviðmiðunarmarkinu að því er varðar stærð opinna staðna til að veita hagsmunaaðilum betri yfirsýn yfir úrval hrávöruafleiðna. Birting vikulegra stöðutilkynninga ætti ekki lengur að vera háð stærð opinna staðna í samamburði við stærð afhendingarbærs magns, heldur byggja á einfaldari viðmiðum, þ.e. stærð opinna staðna í viðkomandi hrávöruafleiðu.
- 3) Að því er varðar viðmiðunarmörk opinna staðna ætti að birta vikulegar stöðutilkynningar þegar samanteknar opnar stöður í stundarsamningum og öðrum mánaðarlegum samningum eru jafnar eða fara yfir 10 000 lotur, þannig að tryggt sé að nægir hagsmunir séu til staðar í hrávöruafleiðu til að réttlæta birtingu vikulegra stöðutilkynninga.
- 4) Til að draga úr hættu á trúnaðarbroti að því er varðar stöðutaka vegna samninga þar sem flokkur aðila samanstendur af færri en fimm virkum stöðutökum ættu þær stöðutilkynningarnar sem birtar eru vikulega ekki að innihalda neinar upplýsingar varðandi þann flokk aðila.
- 5) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2017/565 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum 83. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/565 er breytt sem hér segir:

- 1) ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:
 - a) Eftirfarandi kemur í stað b-liðar fyrstu undirgreinar:
 - „b) tölugildi brúttómagns opinna gnótt- eða skortstaðna í heild, gefið upp sem fjöldi lotna viðkomandi hrávöruafleiða, er jafnt og eða hærra en 10 000 lotur.“,
 - b) Í stað annarrar undirgreinar kemur eftirfarandi:
 - „b-liður gildir ekki um losunarheimildir og afleiður þeirra.“,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjút. ESB L 106, 26.3.2021, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 245/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjút. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565 frá 25. apríl 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar skipulagskröfur og rekstrarskýrði verðbrefafyrirtækja og hugtök sem skilgreind eru að því er varðar þá tilskipun (Stjút. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 1.)

2) Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:

„3. Sé um að ræða samninga þar sem færri en fimm stöðutakar eru í tilteknum flokki aðila skal ekki birta samtölu gnótt- og skortstaðna, breytingar þar á frá síðustu skýrslu, hundraðshluta af opnum stöðum samtals í þeim flokki og fjölda stöðutaka í þeim flokki.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. desember 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

LEIÐRÉTTING

Leiðrétting á íslenskri þýðingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 342/2014 frá 21. janúar 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um beitingu útreikningsaðferðanna fyrir eiginfjárkröfur fjármálasamsteypa 2002/87/EC

2022/EES/16/04

EES-viðbætur nr. 69, 29.10.2020, bls. 45

Sjá íslenska þýðingu lagagerðarinnar:

<https://www.efta.int/sites/default/files/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/solr/translated-legal-acts/icelandic/i32014R0342.pdf>

Titill gerðarinnar breytist úr „FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 342/2014 frá 21. janúar 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um beitingu útreikningsaðferðanna fyrir eiginfjárkröfur fjármálasteypa“ í „FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 342/2014 frá 21. janúar 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um beitingu útreikningsaðferðanna fyrir eiginfjárkröfur fjármálasamsteypa“

Leiðrétting á íslenskri þýðingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 frá 4. júlí 2017 um setningu ramma fyrir orkumerkingar og um niðurfellingu tilskipunar 2010/30/ESB

2022/EES/16/05

EES-viðbætur nr. 101, 19.12.2019, bls. 62

Sjá íslenska þýðingu lagagerðarinnar:

<https://www.efta.int/sites/default/files/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/solr/translated-legal-acts/icelandic/i32017R1369.pdf>

Í 2. mgr. 3. gr. koma orðin „fimm virkra daga“ í stað orðanna „tveggja virkra daga“.

Leiðrétting á íslenskri þýðingu framseldar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1108 frá 7. maí 2018 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 með tæknilegum eftirlitsstöðlum um viðmiðanirnar fyrir tilnefningu miðlægra tengiliða fyrir útgefendur rafeyris og greiðsluþjónustuveitendur, ásamt reglum um hlutverk þeirra

2022/EES/16/06

EES-viðbætur nr. 74, 12.11.2020, bls. 1

Sjá íslenska þýðingu lagagerðarinnar:

<https://www.efta.int/sites/default/files/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/solr/translated-legal-acts/icelandic/i32018R1108.pdf>

Í þriðja inngangslíð kemur „Ekki ætti að krefja aðildarríki um að framkvæma áhættumat á einstökum stofnunum í þessum tilgangi.“ í stað „Krefja ætti aðildarríki um að framkvæma áhættumat á einstökum stofnunum í þessum tilgangi.“

**Leiðrétting á íslenskri þýðingu framseldar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar
(ESB) 2020/411 frá 19. nóvember 2019 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins
2009/45/EB um öryggisreglur og -staðla fyrir farþegaskip að því er varðar öryggiskröfur
fyrir farþegaskip í innanlandsiglingum**

2022/EES/16/07

EES-viðbætur nr. 74, 12.11.2020, bls. 1

Sjá íslenska þýðingu lagagerðarinnar:

[i32020R0411.pdf](https://www.efta.int/sites/default/files/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/solr/translated-legal-acts/icelandic/i32020R0411.pdf) (efta.í <https://www.efta.int/sites/default/files/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/solr/translated-legal-acts/icelandic/i32020R0411.pdf>)

Í 3. kafla 1. viðauka, reglugerð III/9 kemur eftirfarandi í stað 1. liðar:

„Sjösetningarbúnaður, sem uppfyllir ákvæði liðar 6.1 í LSA-kóðanum, skal vera í öllum björgunarförum, nema í þeim tilvikum að fríborð, mælt frá þeim stað sem farið er um borð í björgunarför og að vatnslínu í léttasta hleðsluástandi skipsins á siglingu, sé ekki meira en 4,5 metrar, svo framarlega að fyrirkomulagið til að fara um borð í björgunarför og léttbáta teljist ásættanlegt við þær umhverfisaðstæður sem búast má við á farsviði skipsins þegar það er í óleku eða, samkvæmt skilgreiningu, löskuðu ástandi á siglingu og með tilliti til stafn- og síðuhalla. Í því tilviki er stjórnvaldi fánaríkisins heimilt að samþykkja kerfi um að fara beint um borð í björgunarflekana.“

**Leiðrétting á íslenskri þýðingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar
(ESB) 2020/1083 frá 14. maí 2020 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins
(ESB) 2019/517 með því að ákvarða hæfis- og valviðmiðanir og aðferð við tilnefningu
skráningarstofu höfuðléna .eu**

2022/EES/16/08

EES-viðbætur nr. 28, 15.4.2021, bls. 145

Sjá íslenska þýðingu lagagerðarinnar:

<https://www.efta.int/sites/default/files/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/solr/translated-legal-acts/icelandic/i32020R1083.pdf>

Titill lagagerðarinnar breytist úr „Áframseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1083 frá 14. maí 2020 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/517 með því að ákvarða hæfis- og valviðmiðanir og aðferð við tilnefningu skráningarstofu höfuðléna .eu“ í „Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1083 frá 14. maí 2020 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/517 með því að ákvarða hæfis- og valviðmiðanir og aðferð við tilnefningu skráningarstofu höfuðléna .eu“